

Frá: Hagsmunasamtök Brotapöla <hagsmunasamtok@outlook.com>

Sent: fimmtudagur, 18. apríl 2024 22:50

Til: Elísabet Pétursdóttir <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>

Efni: Re: Afgreiðslubréf - Tillaga um minnisvarða fyrir pólandur kynferðisofbeldis - umsagnarbeiðni

Takk fyrir að hafa samband við Hagsmunasamtök brotapöla og gefa okkur tækifæri til þess að skrifa umsögn um tillögu að minnisvarða fyrir pólandur kynferðisofbeldis.

Minnisvarðar eru reistir til þess að minnast einhvers sem var en raunin er sú að baráttan gegn kynferðisofbeldi er í gangi og enn er langt í land að við náum á þann stað sem þykir ásættanlegur. Nær daglega erum við áminnt á stöðu kynbundins ofbeldis á Íslandi. Pólandur stíga fram með frásagnir af ofbeldinu sem þau urðu fyrir og á samfélagsmiðlum, fréttum og í dómum sjáum við hvernig kerfið bregst þeim ítrekað.

Ef við ætlum að ávarpa kynferðislegt ofbeldi verðum við að afhjúpa gerendur og kerfið sem styður ekki við pólandur heldur dregur úr líkum á því að brotapölar kæri. Pólandur eru orðnir mun sýnilegir en áður og berskjalda sig hvað eftir annað til að afhjúpa kerfið, en gerendur eru enn ósýnilegir og *hvorki samfélagið né kerfið krefur þá um ábyrgð*. Við sjáum þetta svo skýrt meðal annars í máli Alberts Guðmundssonar þar sem landsliðsþjálfari íslenska liðsins í knattspyrnu segir það yrði vonbrigði fyrir Ísland ef pólandi kæri ákvörðun um að fella niður mál á hendur Alberti. Þetta er raunveruleikinn sem pólandur búa við og á meðan orðræðan gegn pólandum er enn svona hávær að þá telja Hagsmunasamtök brotapöla alls ekki tímabært að reisa minnisvarða um baráttuna, baráttuna sem pólandur eru að berjast í á hverjum einasta degi.

Ljóst er að peningum Reykjavíkurborgar væri betur varið í forvarnarstarf og fræðslu. Að pólandur og gerendur skólum borgarinnar geti fengið þá aðstoð og stuðning sem þeir þurfa til að vinna úr slíkum málum þegar þau koma upp í skólum.

Pólandur eiga ekki að þurfa að berskjalda sig enn og aftur til að vekja athygli á stöðunni, tími gerenda til að axla ábyrgð er kominn og löngu tímabært að umræðan snúist að þeim.

Með vinsemd Guðný S. Bjarnadóttir fyrir hönd Hagsmunasamtaka brotapöla